

Dagskrá 108. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 25. maí 2021 kl. 13:00 – 14:00.
Haldinn í fjarfundi.

Mætt: Hellen Magnea Gunnarsdóttir, formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Eyrún Björk Valsdóttir, Karl Rúnar Þórsson, Klara Baldursdóttir Briem, Margrét Sigurðardóttir, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson.

Frá FA: Sigríður Guðmundsdóttir og Björn Garðarsson.

Gestur: Sólveig B. Gunnarsdóttir, form. úthlutunarnefndar nýsköpunar- og þróunarverkefna Fræðslusjóðs.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar (Fskj. 01. Fundargerð 107. fundar)

Fundargerð 107. fundar var samþykkt. Fundargerðin verður send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar að loknum 108. fundi.

2. Nýsköpunar- og þróunarstyrkir – tillaga að úthlutun 2021 (Fskj. 02. Þróunarverkefni-Tillaga. Fskj.02 Ums.Heiti.StuttLýsing,Markmið)

Sólveig B. Gunnarsdóttir, form. úthlutunarnefndar nýsköpunar- þróunarverkefna Fræðslusjóðs, fór yfir vinnu úthlutunarnefndarinnar og kynnti tillögu hennar að úthlutun 2021.

Fram komu áhyggjur af að þau verkefni sem fengið hafa styrki séu inn í karllægar greinar og það halli á konur.

Rætt var með hvaða hætti mætti efla kynningu á styrkjunum og umsóknarferlinu. Tillaga kom fram um að bjóða upp á kynningarfund samhliða auglýsingu.

Afgreiðsla: Tillaga úthlutunarnefndarinnar samþykkt. Hámarksstyrkur er 3.300.000, en lægri umsóknir í tillögunni fá 100% styrk samkvæmt umsókn. FA upplýsir umsækjendur um afgreiðsluna og gengur frá samningum.

3. Erindi frá samstarfsaðilum

3.1. SÍMEY – Nýjar námskrár á verðlista (Fskj. Um nýjar námskrár)

- Starf í íþróttahúsi (Fskj. 03.1 Námskrá Starf í íþróttahúsi).
- Sundlaugavörður (Fskj. 03.2 Námskrá Sundlaugavörður)

Afgreiðsla: Samþykkt að taka báðar námskrárnar á verðlist sjóðsins.

4. Niðurstöður vinnuhóps um breytingar á uppgjorsreglum

Á síðasta fundi stjórnar var formanni og varaformanni, ásamt framkvæmdastjóra og fjármálastjóra FA falið að skoða hvort og þá með hvaða hætt mætti breyta framkvæmd og þar með uppgjorsreglum í vottuðum námsleiðum hjá sjóðnum.

Hópurinn ræddi mikilvægi þess að fara þurfi vel með fé Fræðslusjóðs, enda er það opinbert fé, en einnig að þátttakendur í námsleiðum sjái ávinningi af náminu. Meðal leiða

væri til dæmis að heimila samstarfsaðilum sjóðsins að brjóta upp áður vottaðar námsleiðir í styttri námseiningar eða þemu, þó ekki styttri en 40 (nemenda-)stundir. Þannig mætti skapa nýjar leiðir sem tækju mið af þörfum einstaklingsins og atvinnulífsins. Rætt var um leiðir til að byggja upp „módula“ nám þar sem byggt væri inn í t.d. fjórskipt hæfnihjól; kjarnagreinar, almenna starfshæfni, stafræna hæfni og faggreinar.

Þá var talið mikilvægt að heyra hugmyndir fræðsluaðila í þessum efnum áður en lagðar yrðu fram tillögur. Kallað hefur verið eftir þeim og munu þær liggja fyrir á næsta fundi.

5. Önnur mál

5.1. Næsti fundur stjórnar

Afgreiðsla: Samþykkt að fella niður fundi í júní og júlí. Næsti fundur verður þriðjudaginn 31. ágúst kl. 13:00.